

Morgunblaðið

MÁNUDAGUR 18. ÁGÚST 2014

• Stofnað 1913 • 191. tölublað • 102. árgangur •



RÆKTA MAT-
JURTIR Í ANDA
VISTRÆKTAR

SAMVINNA 10



ÍSLANDS-
MEISTARAR
SJÖ ÁR Í RÖÐ

SIGLINGAR ÍÞRÓTTIR

GLENN SIGURDSON
SKRIFAR UM VÍK-
INGA Á SLÉTTUNNI

BÓK UM VESTUR-ÍSLENDINGA 26



Mega vænta frekari truflana á netinu



Truflanir Vandamál á netinu.

■ Sérfræðingar vestanhafs vara netnotendur við því að þeir megi vænta frekari truflana vegna uppfærslu á netbeinum netfyrirtækja. Netnotendur í Norður-Ameríku urðu varir við truflanir í síðustu viku þar sem gagnaflutningar voru hægir. Skýringuna á nettruflunum má rekja til þess að sumir eldri netbeinar netþjónustuaðila í Bandaríkjunum ráða ekki lengur við stærð netsins.

Að sögn Björns Róbertssonar, kerfisstjóra Internets á Íslandi hf. (ISNIC), mun hinn almenni íslenski netnotandi ekki finna fyrir beinum áhrifum af þessari stöðu sem upp er komin í Bandaríkjunum en hann telur líkur á því að fólk geti lent í vandræðum með stöku vefsíður. »16



Bílaleiga Caritas.is býður Íslendingum upp á að „láta bílinn vinna fyrir sig.“

Íslendingar geta nú leigt út bílinn sinn

■ Heimasíðan Caritas.is er ný íslensk bílaleigumiðlun þar sem bifreiðaeigendur eiga kost á því að láta bílinn sinn vinna fyrir sig.

„Fólk sem á bíl getur skráð sig inn á síðuna, sent inn upplýsingar um bílinn sinn og þá er hann skráður,“ segir Vignir Már Lýðsson, einn upphafsmanna heimasíðunnar.

Verkefnið er gert í samvinnu við Samgöngustofu og öll tryggingafélögin en það er hugbúnaðarfyrirtækið Integral Turing sem er á bakvið síðuna og segir Vignir að verkefnið sé byggt á erlendri fyrirmynd, en samskorn fyrirtæki hafa náð miklum vinsældum í Kaliforníu í Bandaríkjunum. »9

Gleðin skein úr andliti viðstaddra á lokaballi Reykjadal í gær



Morgunblaðið/Eva Björk

Rífasti stemning þegar Palli steig á sviðið

Það var mikil gleði og gaman í gær á lokaballi Reykjadal, sem fram fór í íþróttahúsinu í Reykjadal, og ætlaði þakið hreinlega að rifna af

húsinu þegar stuðboltinn Páll Óskar Hjálmtýsson var afhjúpaður sem leynigestur dagsins. Það er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sem

stendur að rekstri Reykjadal en þar dvelja árlega um 250 fötluð börn og ungumenni á aldrinum 8-21 árs, sem ekki geta sótt aðrar sumarbúðir.

Mæta misskiptingu með afli

● Verkalýðsforingjar gagnrýna kjarasamninga kennara og hækkandi laun stjórnenda fyrirtækja ● Búa sig undir kjaraviðræður sem fara í gang eftir tvær vikur

Ingvar Smári Birgisson
isb@mbl.is

Verkalýðsforingjar í ASÍ búa sig undir harðar kjaraviðræður í vetur. Viðræðurnar hefjast formlega um næstu mánaðamót, en fyrst um sinn verða almennari samningsatriði rædd, áður en samið verður um laun.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem hefur gagnrýnt hækkandi laun stjórnenda fyrirtækja, segir að ef menn vilji hafa misskiptinguna í fyrirrúmi, þá muni ASÍ ekki semja um stöðugleika, heldur taka það sem því beri og hvetja félagsmenn til að beita því afli sem verkalýðshreyfingin býi yfir. Þá telur Kristján Þórður Snæ-

bjarnarson, formaður RSÍ, að ekki hafi tekist að ná samstöðu á atvinnu- markaði um hóflegar launahækkanir. „Ljóst er að þegar við förum í þá vegferð í fyrria að semja um hóflegar launahækkanir upp á 2,8% var forsendan sú að allir færu með í vegferðina, en ekki einungis aðildarfélag ASÍ. Augljóst er að það hefur

ekki tekist og mun það eflaust hafa áhrif á kjaraviðræðurnar í haust,“ segir Kristján, en hann telur að rafíðnaðarmenn eigi eftir að fá sína launaleiðréttingu, sem þurfi ekki að kalla á aukna verðbólgu, ef aðrar atvinnustéttir sitji kyrrar. isb@mbl.is


» Verkalýðshreyfingin » 4

Nauðsynlegt að loka svæðinu í óvissunni

Engin merki um yfirborðsbreytingar, svo sem sprungur, katlar eða sigdældir, sáust í leiðangri jarðvísindamanna og fleiri á Bárðarbungu á Vatnajökli í gær. Skjálftamælar hafa síðustu daga sýnt þar stöðugan óróa sem talinn er geta verið fyrirboði um eldgos. Fylgst er með framvindunni og hefur mælum og myndavélum á svæðinu verið fjölgað.

Vegna aðsteðjandi hættu, svo sem vegna flóða, ákvað sýslumaðurinn á Húsavík í gær að loka Gæsavatnaleið

og svæðum við Jökulsá á Fjöllum, svo sem Herðubreiðarlindum, fyrir umferð. „Í óvissuástandi, eins og nú hefur verið lýst yfir, töldum við með hliðsjón af fjarlægð og flóttaleiðum nauðsynlegt að loka svæðinu,“ segir Svavar Pálsson sýslumaður. Hann bendir á að í eldsumbrotum gæti vatnsflóð norðan Vatnajökuls brotist fram hratt og af þunga og þá yrði erfitt að koma björgunarliði á staðinn. Því sé allur varinn góður og lokun svæðisins eðlileg ákvörðun. 2



Þurftu að vígbúast vegna hættu á sjóráni

Vopnaðar öryggisveitir fóru um borð í Lagarfoss, nýjasta skip Eimskipafélagsins, og gaddavír var festur á skipið áður en það sigldi í gegnum Súesskurðinn á heimleiðinni til Íslands, vegna hættu á sjóráni. Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskipa, segir að ráðist sé á 250 skip á þessu svæði á hverju ári.

Fjöldi fólks tók á móti Lagarfossi þegar skipið kom heim til Íslands í fyrsta sinn, eftir 12.200 sjómílna ferðalag. ash@mbl.is » 4



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lagarfoss Gaddavír var á síðunum og vopnaðir öryggisverðir um borð á siglingunni um Súesskurðinn.



SÉRBLAÐ

Morgunblaðið gefur út sérblað um veislusali föstudaginn 29. september.

VEISLUSALIR

Í blaðinu geta lesendur fundið sér veislusal, veitingar, borðbúnað og blómaskreytingar fyrir öll tilefni og tækifæri.

PÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA:
Fyrir kl. 16, mánudaginn 25. ágúst

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR:
Katrín Theódórsdóttir
Sími: 569 1105
kata@mbl.is


Morgunblaðið
— Meira fyrir lesendur



Bjargvættur Winnipeg-vatn varð Íslendingum bjargvættur þegar þeir fluttu vestur um haf til Kanada. „Fiskurinn bjargaði þeim og sauðfjárþændur urðu fiskimenn,“ segir Glenn Sigurdson sem skrifar m.a. um landnámið í bók sinni.

Víkingarnir á vatninu

● Glenn Sigurdson rekur í nýrri bók sögu Íslendinga, sem fluttu vestur um haf, sögu fjölskyldu sinnar og sína eigin sögu



Glenn Sigurdson

Karl Blöndal
kbl@mbl.is


Vestur-Íslendingurinn Glenn Sigurdson hefur sent frá sér bókina *Vikings on a Prairie Ocean* eða *Víkingar á úthafinu á sléttunni*. Glenn miðar hátt í bókinni því hún er allt í senn, saga landnáms Íslendinga í Kanada, fjölskyldusaga og sjálfsævisaga. Úthafið er Winnipeg-vatn þar sem fjölskylda hans stundaði útgerð kynslóð fram af kynslóð. Bókin er óður til foreldra hans, Stefans og Sylviu Sigurdson, og forfedra. Hann lýsir útgerðinni við vatnið, starfsemi fjölskyldufyrirtækisins, Sigurdson Fisheries eða Sig Fish, og umfangsmikilli verktakastarfsemi.

Glenn nam lögræði og hefur unnið sem milligöngumaður, málamíðlari eða sáttasemjari í erfðum deilum, meðal annars á milli frumbyggja í Kanada og stjórnvalda. Í bókinni lýsir hann því hvernig íslenskur uppruni og lífið við vatnið þar sem frumbyggjar voru jafningjar hans í uppveitunum og samskiptin við þá urðu honum veganesti fyrir ævistarfíð. Það er vitnisburður um það í hversu miklum metum hann er hjá þeim að á bókarkápu skuli Phil Fontaine, einn helsti leiðtogi þeirra, lofa bókina í hástert.

Bændur verða veiðimenn

„Ég sit hér og horfi út á Winnipeg-vatn,“ segir Glenn í upphafi síma-viðtals og það er við hæfi því að þetta mikla stöðuvatn, úthafið á sléttunni, er í bók hans gangvirki tilverunnar. „Þessar slóðir eru mér hjartfólgnar því að saga bæði móður- og föðurfjölskyldu minnar tengist vatninu með svo djúpstæðum hætti og ég held reyndar að það eigi við um alla, sem búa hér, og jafnvel alla, sem eru af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku. Vatnið hefur leikið það stórt hlutverk í að skapa vitund um sess og sjálfsmynd.“

Glenn rifjar upp að þegar fyrstu Íslendingarnir komu hafi vatnið verið þeim bjargvættur. „Ég gerði mitt besta til að átta mig á sögunni og eftir því, sem ég fékk best séð, voru innflytjendurnir flestir sauðfjárþændur, sem komu með þá talsýn að þeir gætu fljótt haslað sér völl hér sem bændur,“ segir hann. „Í ljós kom að land,



sem vaxið er lágum runnagróðri, er ekki hentugt til sauðfjarræktar. Landið í kringum Winnipeg-vatn er ekki hentugt til landbúnaðar og krefst margra ára ræktunarstarfs. Fiskurinn bjargaði þeim og sauðfjárþændurnir urðu fiskimenn.“

Þessir menn sendu heim fréttir af velgengni sinni og á níunda áratug 19. aldar byrjuðu fjölskyldur til Kanada fyrir alvöru.

„Þá var fólk farið að átta sig á að fiskurinn gæti skapað lífsviðurværi og hér væri kostur á að fá föttestu í tilverunni,“ segir hann. „Þeir gerðu sér samfélag, bjuggu til hagkerfi og úr varð þjóðfélag.“

Glenn færir ekki titíð í fang og bókinn spannar vítt svið. „Það má segja að ég hafi staulast áfram,“ segir hann þegar hann er spurður hvernig það hafi komið til að hann ákvað að skrifa bókina með þessum hætti.

„Upphafið var einfalt. Ég vinn við að leysa flóknar deilur, sem margar tengjast útgerð og hef þurft að fara víða. Í starfi mínu hefur orðið til einstakur heimur. Ég tilheyrir hópi manna sem hafa víðað að sér þekkingu og reynslu í að leysa úr flóknum deilum margra aðila, yfirleitt varðandi notkun lands, auðlindir og umhverfismál þar sem reynt er að skapa fólk sjálfbæra framtíð. Ég ferðast mikið, bæði innan Kanada og um allan heim. Í stað þess að háma í mig nasl í lok langrar ferðar byrjaði ég að skrifa lýsingar á því ótrúlega fólk, sem ég hef kynnst á lífsleiðinni.“

Smám saman gerði ég mér grein fyrir því að það varð eins og teiknimyndapersónur og það var ekki ætlinin. Þá byrjaði ég að setja þetta fólk í samhengi og það tengdist flest útgerðinni og fiskveiðunum. Það var vettvangur fjölskyldu minnar. Þá varð ég að setja í samhengi hvernig hún kom hingað. Á þessu stigi komst ég í samband við útgefanda sem hvatti mig til að flétta sögu mína inn í frásögnina vegna þess hvað hún er nátegn henni.“

Ný sýn opnaðist

Þegar þarna var komið þurfti hann að stokka upp allt sem hann hafði skrifað.

„En það merkilega var að þegar ég fór að skoða söguna með nýrri linsu opnaðist mér ný sýn og ég fór að sjá ýmislegt varðandi sögu Íslendinganna í Vesturheimi í nýju ljósi og í víðara samhengi,“ segir hann. „Þeir voru á undan sínum samtíma, en í raun kom það af sjálfu sér. Ef samfélag á að þrífast þarf að skilja að bæði þarf sjálfstæði og samstöðu, það þarf að vinna í sátt við umhverfið til að búa til efnahagslíf. Um leið þarf einhvers konar stjórnkerfi eigi fólk að vinna saman. Þeir fóru snemma að gera hvort tveggja. Viðgangur þeirra byggðist á að vita hverjir þeir voru og þeir komu með djúpa tilfinningu fyrir þeim gildum, sem þeir höfðu með sér frá Íslandi, og læsið skipti miklu máli. Eðlisávisun þeirra sagði þeim að koma á stjórnkerfi, sem þeir gerðu með ótrúlegum hætti. Síðan gerðu þeir sér grein fyrir að án þess að byggja upp efnahagslíf voru þeir dauðadæmdir, þannig að Guði sé lof fyrir fiskinn.“

Uppgangur og fiskur

Aðeins 250 manns voru eftir í nýlendunni 1881-1882 þannig að það munaði litlu. „Íslendingar hefðu haldið áfram að dreifast um Ameríku, en útgerðin bjargaði þeim, fyrst með því að tryggja þeim mat fyrstu sex árin og síðan urðu þær grundvöllur viðskipta,“ segir hann. „1887 var langlangafi minn farinn að flytja fisk í miklu magni til Bandaríkjanna, á markaðina í New York og Chicago. Hlutur Winnipeg-vatns var gríðarlegur og borgin Winnipeg stækkaði óðum á þessum tíma. Þegar Sigurdur

Áttu afmæli? *Grillhúsið*


Til hamingju!!!

Við bjóðum öll afmælisbörn velkomin og gefum þeim frían eftirrétt í tilefni dagsins.

BÍLAR



**Aukablað
alla þriðjudaga**



Fjölskyldufyrirtæki Fjölskylda Glenn Sigurdson stundaði útgerð á Winnipeg-vatni kynslóð fram af kynslóð undir merkjum Sigurdson Fisheries. Bókarhöfundur segir að vinna þurfi í sátt við umhverfið til að búa til efnahagslíf.

breytt í niðurstöður og koma á raunverulegum framförum. Ég vinn við að breyta réttindum í niðurstöður. Í breskum rétti er hægt að gera þrennt, lýsa hlutum yfir, stöðva hluti og gefa og taka peninga. En ég get ekki farið inn í Norður-Kanada til að vinna með frumbyggjunum við Nelson-fljót, einu ána sem rennur úr þessu mikla vatni, sem ég horfi nú á, og sagt við þá að ég hafi fengið fullt af peningum til að bæta þeim upp tjónið út af stíflufurðum, en því miður geti ég ekki hjálpað til koma í veg fyrir að þeir missi veiðarnar sem eru lífsviturvergi þeirra. Þetta fólk býr þarna og ég þarf aðlögunarhæfari verkfæri til að vinna í þeirra þágu. Ég efast sem sagt um að lögin veiti fullnægjandi svör.“

Glenn talar einnig um það hvað geri góðan leiðtoga og segir að góður leiðtogi sé sá sem ávinnur sér virðingu með því að sýna öðrum virðingu.

„Þetta hljómar heimspekilega en er í raun mjög praktískt,“ segir hann. „Eins og Stevie frændi minn sagði: Ef þú vilt vera leiðtogi í fiskveruninni vertu þá viss um að þú leggir harðar að þér í vinnunni en allir hinir og þá munu þeir allir leggja jafn hart

að sér og þú. Ef fólk finnst það eiga hlutdeild í einhverju er það líklegra til að gera hlutina.“

Spor minninganna

Í bókinni skrifar Glenn um margar litríkar persónur. Oft veldur Bakkus þeim vandræðum, en allar eiga þær sínar góðu hliðar og blómstra í samfélaginu við vatnið. Lýsingarnar á þeim eru opinskáar en hlýjar.

„Ég átti auðvelt með að skrifa um þetta fólk, ég skrifaði einfaldlega út frá tilfinningum mínum til þess,“ segir hann. „Þarna fjalla ég um marga af vinum mínum af öllum stigum samfélagsins og þeir hafa allir haft áhrif á mig og mótað mig. Maður á milljónir samtala á ævinni, en sum þeirra festast í minni manns af einhverri undirliggjandi ástæðu. Ég hef oft velt fyrir mér hvers vegna þessi samtöl og myndir skilja eftir sig svo völdug spor í huganum að maður man þau löngu síðar. Síðan komst ég að því að minningin skýrist þegar maður fer að róta í henni.“

www.vikingsonaprairieocean.com



Skipaskaði Báturinn JR Spear var í eigu Sigurdson-fjölskyldunnar 1933 til 1968. Þá um vorið sókk báturinn, en öllum 22 manns um borð var bjargað.

Erlendsson, langalangafi minn, kom þangað 1875 þjuggu þar fjögur þúsund manns, en um aldamótin voru íbúarnir orðnir nokkur hundruð þúsund. Staðreyndin er sú að þetta samfélag óx mjög hratt.“

Þegar Íslendingarnir komu voru þeir ekki í fylkinu Manitoba. Þeir voru í grannhéraði, sem var hluti Keewatin þar sem einnig var landsvæði frumbyggja.

„Íslendingarnir höfðu sérstakan erindreka eða fulltrúa rétt eins og frumbyggjarnir,“ segir hann. „Þetta var á mikilvægum tímum í kanadískri sögu.“

Framúr stefnuleg stjórnarskrá

Glenn lýsir því í bókinni hvernig þessir fyrstu Íslendingar gerðu sér sína eigin stjórnarskrá.

„Ég gleymi því aldrei þegar ég sá þessa stjórnarskrá fyrst,“ segir hann. „Ég var að vinna að hundruðustu Íslendingahátíðinni 1989 og það ungan sagnfræðing í framhaldsnámi, Jónas Þór, að finna þessa stjórnarskrá fyrir mig því að mig langaði til að sjá hana og jafnvel nota hana til að búa til einhvers konar minnisvarða. Ég fékk hana í hendur á skrifstofunni minni rétt áður en ég átti að fara til Toronto til að stýra stórra ráðstefnu og var furðu lostinn þegar ég sá hvað þetta skjal var margslungið. Það átti sérstaklega við um réttarkerfið þar sem gert var ráð fyrir miðlun mála og áfrýjun til gerðardóms. Þetta var flókið og framúr stefnulegt skjal. Ég sýndi það á ráðstefnunni og þeir héldu að það væri nútímatilbúningur minn. Þegar ég sagði þeim að þetta væri sköpunarverk nokkurra einþykkra Íslendinga, sem sátu við strönd Winnipeg-vatns fyrir rúmri öld voru menn gáttaðir.“

Ekkert vald án umboðs

Glenn tengir þetta skjal beint við störf sín við að leysa deilur. „Ég fór að velta fyrir mér úr hverju þessi hugsun væri sprottin og hvernig hún hefði komið fram,“ segir hann. „Þegar ég horfi á þetta frá mínum sjónarhóli snýst þessi stjórnarskrá um að hafa alla með, að allir hafi sína rödd. Settar voru á fót sérstakar undirnefndir sem unnu að þessu skjali, margir komu að því. Á einum stað er vísað til þess að öllum völdum þurfi að fylgja umboð frá öllum, sem hlut eiga að máli. Ég fór að horfa aftur á það

sem bjó undir íslensku hugarfari í sögunni allt aftur til Landnámu og svo skoðaði ég hina stórgóðu bók *Atlantíe* eftir Simon Winchester. Síðan fór ég að skoða samtímasöguna og umræðuna um að gera nýja stjórnarskrá á Íslandi. Það er mjög fróðlegt að fyrir hendi skyldi vera sá djúpi skilningur að ekki væri nóg að festa einhver orð á blað, heldur þyrfti að vera hugsun á bak við hvernig það væri gert. Til þess að orð hafi gildi þurfa þau að fá samþykki allra – þessi orð lýsa mjög mikilli framsýni.“

Ófullnægjandi svör laganna

Annars staðar í bókinni fjallar Glenn um lausn á deilum og segir að hann hafi misst trúna á lögin.

„Reyndin er sú að hvort sem maður er lögfræðingur eða verkfræðingur, skósmiður eða kertagerðarmaður, á endanum horfir maður á heiminn frá ákveðnum sjónarhóli. Sjónarhóll laganna snýst um réttindi og vald, ekki grundvallargildi. Þetta snýst um það hvernig réttindum er

VIFTUR Í MIKLU ÚRVALI

Það borgar sig að nota það besta!

Vent-Axia®

- Borðviftur
- Gluggaviftur
- lðnaðarviftur
- Loftviftur
- Rörabláसारar
- Baðviftur
- Veggviftur



**TRAUSTAR VÖRUR...
...sem þola álagið!**

110 FÁLKINN
1904-2014 ára
PEKING REYNSLA ÞJÓNUSTA
Sími: 540 7000 • www.falkinn.is



Meirapróf

www.bilprof.is

- Náðu þér í aukin ökuréttindi
- Fagmennska og ökufærni í fyrirrúmi
- Öll kennslugöng innifalin

Næsta námskeið hefst 20. ágúst

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD – yfir 40 ár í fagmennsku



Þekking og reynsla í fyrirrúmi



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 og 894 2737 • Opið 10-17 alla daga